



Sameiginleg Vorhátíð kirkjuskólans

Það var skemmtilegur dagur í kirkjunni í Grundarfirði sunnudaginn 13. apríl þar sem kirkjuskólakrakkarnir frá Snæfellsbæ og Grundarfirði komu saman og gerðu sér glaðan dag. Séra Laufey Brá Jónsdóttir og Ægir Örn Sveinsson sáu um kirkjuskólann líkt og hátturinn hefur verið á í vetur en þau hafa í sameiningu séð um barnastarfið í Grundarfirði og Snæfellsbæ. Börnin ásamt foreldrum sungu og dönsuðu og Fíasól og félagar úr uppsetningu 6. og 7. bekkjar í Grunnskóla Grundarfjarðar komu svo og tóku nokkur lög úr leikritinu. Eftir kirkjuskólann héldu allir yfir í íþróttahús Grundarfjarðar þar sem hoppukastalar biðu barnanna en með aðstoð fyrirtækja á svæðinu og foreldra var hægt að bjóða börnunum upp á þessa miklu skemmtun.

SJ



Félagslegt sjálfsmorð í Frystiklefanum

Kári Viðarsson hélt tónleikauppistandið sitt Félagslegt sjálfsmorð í Frystiklefanum á Rífi síðastliðinn laugardag, 12. apríl. Uppi-

standið samanstendur af fyndnum lögum, samsæriskenningum, sögum af rugli og eftirhermum. Sýningin hefur farið fram í kjallaran-

um á Café Rosenberg í Reykjavík á fimmtudögum í apríl og bættist svo við sýning á Rífi. Þetta uppistand er fyrsta sýning Kára í fullri lengd og fer hann alla leið með persónulegt og það sem hann kallar óþægilega

einlægt efni. Fyrir þá sem misstu af er ennþá hægt að sjá sýningu Kára, Félagslegt sjálfsmorð í Café Rosenberg fimmtudaginn 17. apríl og í Frystiklefanum á Rífi laugardaginn 26. apríl.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**


Tímapantanir í síma 436-1111

Vilborg Lilja ráðin skólastjóri GSNB

Á bæjarstjórnarfundum þann 10. apríl síðastliðinn var Vilborg Lilja Stefánsdóttir ráðin sem nýr skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar. Tekur hún við skólastjórastöðunni af Hilmar M. Arasyni en hann hefur gengt starfi skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar síðan haustið 2015. Í byrjun árs tilkynnti Hilmar að hann myndi segja starfi sínu loknu eftir þetta skólaár, þá eftir 10 ára starf við skólann. Lilja hefur verið hans hægri hönd síðustu árin og því

vel kunnug starfinu. Hún hefur starfað við Grunnskóla Snæfellsbæjar, áður Grunnskóla Ólafsvíkur, frá 1992 með hléum. Á þessum tíma hefur Vilborg Lilja víðað að sér víðtækri reynslu í menntunar- og uppeldisfræðum sem nýtist í starfi skólastjóra, meðal annars sem íþróttakennari, umsjónarkennari, danskennari, sérkennari, deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri.

SJ



AÐALFUNDUR ÓLAFSVÍKURSÓKNAR

**verður haldinn í safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju
mánudaginn 5. maí kl 20,00.**

Á dagskránni eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

Fólk er hvatt til að mæta og ræða málefni kirkjunnar og taka þátt í störfum hennar.

Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju.



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Starrhotel



Víkingur áfram í Mjólkurbikarnum

Víkingur tók á móti Smára á Ólafsvíkuvelli miðvikudaginn 9. apríl síðastliðinn. Um var að ræða 2. umferð Mjólkurbikars karla og fóru Víkingar með sigur úr bitum. Þægilegur leikur heimamönnum í hag fór 5-1 en Ellert Gauti Heiðarsson, Ingvar Freyr Þorsteinsson, Luis Romero Jorge, Gabríel Þór Þórðarson og Asmer Begic áttu allir mark í leiknum. Í hálfleik var staðan

2-0 og héldu heimamenn áfram á góðu róli í seinni hálfleik. Eina mark Smára kom úr vítaspyrnu í uppbótartíma og endaði leikurinn þá 5-1. Víkingar taka á móti Úlfunum á heimavelli á Skírdag, fimmtudaginn 17. apríl klukkan 14. Er það 32-liða úrslit bikarsins og sker úr um hvort liðið heldur áfram í 16-liða úrslitin sem fara fram um miðjan maí.

SJ

Nemendur 8. bekkjar Grunnskóla Snæfellsbæjar hafa unnið að stóru verkefni í smíðatímum í vetur. Þau hafa verið að smíða og mála fuglahús. Hörður Rafnsson, smíðarkennari, fékk hugmynd að verkefninu í haust og fékk hún góðan hljómgrunn. Hilmar Már Arason, skólastjóri, og Vagn Ingólfsson, húsvörður, hafa aðstoðað Hörð og nemendurna við framkvæmdina á verkefninu með ýmsum hætti. Nú

er afrakstur vinnunnar kominn upp en Vigfús Bjarnason setti upp öflugan staur á skólalóðina sem býið er að hengja fuglahúsin á. Á meðfylgjandi mynd er hluti af nemendum 8. bekkjar ásamt Herði smíðakennara við fuglahótel sem fékk nafnið Starr hotel. Nú er bara að vona að smáfuglarnir nýti sér aðstöðuna og geri sig heimakomna.

SJ



Bláðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Bláðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Varðskip verður að safnskipi

Varðskipið Óðinn var afhent Hollvinasamtökum varðskipisins Óðins með þinglýstu afsali árið 2008, eftir áralanga baráttu Guðmundar Hallvarðssonar fyrir því að skipið yrði varðveitt, en ekki selt úr landi. Skipið var þá sett í vörslu Sjóminjasafnsins í Reykjavík og Faxaflóahafnir léðu því bryggjuhláss.

Einn maður var ráðinn 40% starf til að vakta skipið og vinna að viðhaldi. En er árin liðu fór frekari viðhaldsþörf að gera vart við sig. Hitakerfið vildi bila, rör og ofnar að leka og svo eitt af öðru þó skipið væri ekki í notkun. Vélskólafélagarnir Hallór Olesen, Ingólfur Kristmundsson og Búi St. Jóhannesson fóru að koma um borð og hjálpa til. Árið 2013 fór skipið í slipp og þá var soðið fyrir öll sjóinntök og það voru jafnvel uppi hugmyndir um að taka skráfurnar af því og setja hlemma fyrir skutpípunar.

Þegar frá leið fóru vélstjórnarnir að athuga með að koma ljósavélum í gang og fengu til þess aðstoð frá Caterpillar-mönnum í Kletti. Ljósavélarnar fóru í gang en gátu aðeins gengið skamma stund þar sem sjó-kælinguna vantaði.

Árið 2018 fór skipið aftur í slipp og þá voru öll sjóinntök opnuð á ný. Á stjórnarfundinum þá árið var rætt um öflun fjár til viðhalds skipsins, þá sagði Vigdís Hauksdóttir sem var nýkomin í stjórnina, að það fengist

engir peningar nema að skipinu yrði siglt. Lítið gerðist þó fyrr en 11. maí árið 2020 þegar skipið var dregið út á ytri höfnina í Reykjavík og skotið var á aðalvélarnar, sem fóru báðar í gang. Skipið flaut, vélarnar snérist og stýrið virkaði - skipið gat siglt. En skipið hafði verið afskráð árið 2006, flokkunarfélagið hafði fargað öllum gögnum, eins og venja er og enginn staður var fyrir slíkt skip á íslenski skipaskrá.

Stjórnin skipaði þá fjögurra manna nefnd sem kölluð var haf-færise nefnd og skyldi hún vinna að lausn málsins. Haldnir voru „Covid“ fjarfundir með yfirmönnum Samgöngustofu þar sem niðurstaðan var að það væri engin reglugerð til sem skipið félli undir svo hægt væri að skrá það. Þá var leitað að slíkum reglugerðum á Norðurlöndunum og lungunum af sumrinu eytt í að afla þeirra og ekki síst að lesa þær. Komu norskar og færæyskar reglugerðir að góðum notum. Óskað var eftir fundi með samgönguráðherra Sigurði Inga Jóhannssyni þar sem honum og lögfræðingum ráðuneytisins voru kynntar hugmyndir okkar eftir lestur reglugerðanna og afhent þau gögn sem við höfðum. Þann 3. september 2021 kom svo út reglugerð um safnskip nr. 1044/2021, sem innihélt það sem við þurfum á að halda og var sá grunnur sem Samgöngustofa þurfti til að geta far-



Vilberg Magna Óskarssyni t.h. afhent fyrsta haf-færiskýrteini safnskipisins Óðins haustið 2021.

id að vinna að skráningu skipsins og upphafsskoðun þess fyrir skráningu á íslenska skipaskrá og SR-flokkun.

Safnskipið Óðinn sigldi svo sína fyrstu ferð með forseta Íslands til

Grindavíkur í tilefni Sjómannadags 2022, þar sem nýtt siglingaljósamastur var formlega afhent sem gjöf frá japanskri skipasmíðastöð.

Egill Þórðarson

Orri Óstöðvandi í heimsókn á miðstigið



Þjóðleikhúsið hefur um árabil boðið börnum á flestum skólastigum að upplifa töfra leikhússins og í ár var skólabörnum á miðstigi boðið að heimsækja Þjóðleikhúsið og sjá glænýja leiksýningu um Orri Óstöðvandi og bestu vinkonu hans, Möggu Messi. Í kjölfar sýninganna í Þjóðleikhúsinu, héldu Orri og Magga í leikferð um landið og sýna grunnskólabörnum verkið. Í byrjun apríl fékk Grunnskóli Snæfellsbæjar vinina í heimsókn og settu þau upp sýningu í Röstinni fyrir nemendur í 5. til

7. bekk. Orri Óstöðvandi er ný sýning byggð á geysivinsælum bókum um Orri Óstöðvandi og vinkonu hans Möggu Messi eftir Bjarna Frittsón. Orri er ungur drengur sem breytir sér í ofurhetjuútgáfuna af sjálfum sér, Orri Óstöðvandi, þegar hann þarf á hugrekki og sjálfstrausti að halda. Mikil ánægja var á meðal nemenda með sýninguna og höfðu gestirnir orð á því hve frábær salurinn hafi verið á meðan sýningunni stóð.

SJ



Ingólfur Kristmundsson yfirvélstjóri t.v. og Kristinn Halldórsson tæknistjóri t.h. búnir að koma 50 kg. froðuslökkvitæki niður í vélarúm í júní 2021.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

84. héraðsþing HSH

Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu hélt héraðsþing mánudaginn 7. apríl síðastliðinn. Þetta er í 84. skiptið sem þingið er haldið en það var í Samkomuhúsinu í Grundarfirði í ár. Formaður HSH, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson setti þingið en hann var þingforseti ásamt Gunnari Kristjánssyni og Sigríði Guðbjörgu Arnardóttur. Þær María Alma Valdímarsdóttir og Berglind Long voru ritarar þingsins í ár. Svæðisfulltrúarnir Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson ávörpuðu þingið og sögðu fá þeim verkefnum sem þau hafa verið að vinna að áður en Hafsteinn Pálsson, formaður Heiðursráðs ÍSÍ hélt erindi og veitti heiðursviðurkenningar. Jón Pétur Pétursson hlaut silfurmerki ÍSÍ fyrir störf sín sem formaður Skotfélags Snæfellsness síðastliðin 13 ár. Ólafur Tryggvason hlaut einnig silfurmerki ÍSÍ fyrir óeigingjarnt starf í hestaíþróttum en hann sat í stjórn Snæfellinga í tólf ár og var liðtækur hvort sem er í útreiðum, keppnum, hestaferðum,

ræktun eða félagsmálum. Tryggvi Gunnarsson hlaut gullmerki ÍSÍ en hann er einn af stofnfélögum Hestamannafélagsins Snæfellinga og sat lengi í stjórn þess, var lykilmáður í uppbyggingu svæðisins á Kaldármelum og formaður fjórðungsmótsnefndar bæði 1988 og 1992. Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMFI hélt einnig ávarp og veittir heiðursviðurkenningar UMFI. Kristján Ríkhartósson fékk starfsmerki UMFI fyrir sjálfbæðaliðastarf sitt fyrir Víking Ólafsvík og Sigríður Guðbjörg Arnardóttir fékk starfsmerki UMFI fyrir störf sín sem formaður UMFG frá árinu 2018. Gunnar Kristjánsson hlaut gullmerki UMFI fyrir störf sín sem ritstjóri Skinfaxa frá 1977-1979 en hann ritaði einnig 75 ára sögu UMFI auk þess að sinna störfum fyrir HSH og UMFG í gegnum tíðina. Hann hlaut starfsmerki UMFI árið 2008. Laufey Bjarnadóttir, ritari HSH veitti að lokum gullmerki HSH en það var Garðar Svansson sem hlaut það. Þetta er í fyrsta skiptið sem gullmerki HSH er



Stjórn HSH 2024 - 2025 ásamt framkvæmdastjóra HSH. Á myndina vantar Kristfríði Rós Stefánsdóttur.

veitt en Garðar hlaut það fyrir hans störf í þágu HSH síðustu 30 árin. Hann hefur setið í stjórn HSH síðan 2. maí 1995 og gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu á þinginu. Hallur Pálsson og Gunnar Kristjánsson hlutu einnig gullmerki HSH fyrir sín framlög til HSH og aðildarfélag þess í tugi ára.

Fyrir þinginu lágu sjö tillögur til samþykktar og voru þær flestar

samþykktar samhljóða. Lítils háttar breytingar voru gerðar á lögum HSH eftir ábendingar frá ÍSÍ eftir síðasta þing. Ný stjórn var kosin á þinginu og sitja því nú í stjórn Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Sólveig Ásta Bergvinsdóttir.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Sími: 430 3700
www.fm.is



Páskaleikarnir í sundi

Miðvikudaginn 9. apríl voru páskaleikar Ungmennafélags Víkings/Reynis haldnir í Sundlaug Snæfellsbæjar fyrir öll þau börn sem æfa sund. Lionsklúbburinn Rán styrkti leikana og voru 19 sundiökendur á grunnskólaaldri sem tóku þátt. Helga Guðrún Sigurðardóttir, sundþjálfari, setti upp ýmsar þrautir og leiki í sundlauginni sem krakkarnir kepptust í. Allir þátttakendur voru leystir út með páskaeggum að móti loknu sem að Lionsklúbburinn Rán gáfu iðkendunum eftir skemmtilegan dag. Á meðfylgjandi mynd sem Berglind Long tók af hópnun eru stoltir krakkar með páskaeggum sín eftir leikana.

SJ

